

Læsi í leikskólum Norðurlandshéraðs

AUSTURBORG, ÁLFTABORG, BRÁKARBORG, FURUSKÓGUR, HOF, JÖRFI, KVISTABORG, LANGHOLT,
LAUGASÓL, MÚLABORG, STEINAHlíÐ, SUNNUÁS, UNGBARNALEIKSKÓLINN BRÍETARTÚNI OG
HALLGERÐARGÖTU, VINAGERÐI OG ÆVINTÝRABORG VOGABYGGÐ.

*Ritið er unnið í samræmi við Íslensku málstefnuna (Íslensk málnefnd, 2021), Málstefnu
Reykjavíkurborgar (Reykjavíkurborg, 2017) og Menntastefnu Reykjavíkurborgar
(Reykjavíkurborg, e.d.) og Aðalnámskrá leikskóla (2024).*

Með læsi er átt við þá hæfni að geta lesið, skilið, túlkað og unnið á gagnrýninn hátt með ritað mál, orð, tölur, myndir og ták. Í víðtækri merkingu vísar hugtakið einnig til læsis á ólíka miðla, umhverfi, hegðun og aðstæður. Læsi er í eðli sínu félagslegt fyrirbæri og hefst með máluppeldi barna við fæðingu. Góð læsisfærni á íslensku er lykill að þekkingaröflun og skilningi á umhverfi og samfélagi.

Menntastefna Reykjavíkurborgar

Efnisyfirlit

Hvað er læsi?	2
Málproski barna	2
Sköpun	2
Lýðræði.....	2
Menningarlæsi	2
Félagsfærni.....	2
Söngur og rím.....	2
Læsi í stafrænum heimi.....	2
Ritmál og lestur bóka	2
Tengsl læsis og hljóðvistar.....	2
Skimanir	2
4.1 EFI - 2.....	2
4.2 TRAS.....	2
4.3 HLJÓM-2.....	2
4.3 Orðaskil	2
4.4 LANIS.....	2
Heimildir.....	2

Hvað er læsi?

Læsi snýr ekki einungis að orðum og hefðbundnum lestri. Læsi er margslungið fyrirbæri sem verður til á löngum tíma. Læsi í almennri merkingu er að vera læs og skrifandi. Læsi hefur einnig verið skilgreint sem færni til að til að ráða í og skilja hvers konar tákni eða merki í umhverfinu sem hægt er að heyra eða sjá. Læsishugtakið, samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu, vísar einnig til fjölbreyttrar færni einstaklingsins sem er honum nauðsynleg í samfélaginu. Má þar nefna að vera læs á fjölbreytta upplýsinga- og tjáskiptamiðla í nútímasamfélagi. Til þess þarf færni til að ráða í og meðhöndla hvers kyns fyrirbæri, tákni, myndir, atferli og atburði eða merkingu sem ekki er sögð berum orðum, skilja merkingu þeirra og samhengi, geta ályktað og brugðist við eða tekið þátt í því ferli tjáningar eða samskipta sem við á hverju sinni. Með þessari skilgreiningu nær læsi hugtakið til hvers konar menntunar eða þekkingar sem eflir færni einstaklingsins til að skilja umhverfið og vera virkur þátttakandi í daglegu lífi og hefur hæfni til að hafa áhrif á samfélagið. Því má segja að læsi sé færni í að skilja einhvers konar merkingu sem miðlað er með einhvers konar tákni eða miðli, vera fær um að nýta sér þá merkingu og nota viðkomandi tákni eða miðil til samskipta, sjálfum sér og öðrum (umhverfi sínu) til hagsbóta (Baldur Sigurðsson, e.d.).

Eins og fram hefur komið hefur hugtakið læsi víðtæka merkingu en er mikilvægur þáttur í virkri samfélagslegri þátttöku. Læsi má rækta á margan hátt og er grunnur að læsi lagður á fyrstu árum ævinnar, eða strax við máltöku (Læsisvefurinn, e.d.) Leikskólinn gegnir þar mikilvægu hlutverki í lífi barnanna sem þar lifa og hrærast. Í leikskólaskólastarfi eru nýttar fjölbreyttar leiðir til að auka læsi barna. Efling læsis í víðum skilningi þess orðs umbyltir hugsun og þroska og fær börn til að skilja betur nærumhverfi sitt og mannlegt samfélag. Í leikskólaskólastarfi læra börn að lesa í umhverfið, tilfinningar, náttúruna, og samskipti. Þau lesa í mismunandi áferðir í skapandi starfi, læra ný orð og æfa sig í að skrifa og þekkja íslensku málljóðin. Kennarar skipta hér miklu máli og ræða við börnin um það sem þau skapa og spyrja þau opinna spurninga. Með því er verið að ýta undir málþroska barnanna, orðaforða og tjáningu. Læsi fyrirfinnst í öllu starfi leikskólans. Læsi fléttar sig inn í sköpun og lýðræði, læsi tengist vellíðan og heilbrigði og sömuleiðis sjálfbærni og vísindum og þá er einnig læsi í hinum stafræna heimi. Læsi í leikskólaskólastarfi tengist leiknum sterkum böndum enda er leikurinn helsta námsleið barna og mikilvæg grunnstoð í daglegu starfi

leikskólans. Leikurinn styður við læsi og samskipti á fjölbreyttan hátt og hvetur hann til þekkingaröflunar á ýmsan máta og þar er læsi aldrei langt undan. Kennarar geta setið með börnum í leik og nýta tækifærið til að efla börnin, kynnast þeim og útfæra leikinn með þeim. Kennarar lesa í leik barnanna í hinum ýmsu aðstæðum, skrá og ígrunda með börnunum. (Aðalnámskrá leikskóla, 2024; Dr. Sara Margrét Ólafsdóttir og Dr. Svava Björg Mörk, 2024).

Málþroski barna

Íslensk máhljóð og málþroski íslenskra barna hafa verið töluvert rannsökuð. Tungumálið gegnir lykilhlutverki í að skapa minningar og gerir þannig börnum og fólki kleift að tjá sig um það sem þau upplifa. Tilgangur tungumálsins er einnig að skilja og geta tjáð sig; skiptast á upplýsingum, hugmyndum, tjá þarfir sínar og langanir (Owens, 2015).

Málþroski barna er í sífelldri þróun en aldrei er hann meiri en á fyrstu árum ævinnar. Orðaforði barna skiptir þar miklu máli og hafa rannsóknir sýnt að góður orðaforði er ein undirstaða góðs námsárangurs. Hlutverk leikskólans er þar mikilvægt og er það partur af daglegu starfi í leikskólanum að baða börnin í orðum og auka þar með skilning þeirra og ýta undir tjáningu og rétta setningamyndun. Þetta er gert með ýmsum aðferðum; lestri, söng, samtali í leik og almennu spjalli um daginn og veginn.

Rannsóknir sýna að þegar börn hefja nám í grunnskóla hefur orðaforði þeirra aukist allverulega og þau almennt farin að geta tjáð sig með flóknum orðum og notast við setningar sem innihalda margar málfræðilegar reglur (Þóra Másdóttir, 2019). Þóra Másdóttir (2019) bendir á að almennt tileinki börn sér máhljóð á svipaðan hátt, óháð tungumáli. Vitnar hún meðal annars í hugmyndafræði Jakobson (1980) sem taldi að hljóðþróun barna væri ferli sem væri þeim meðfætt. Einnig taldi hann að hljóðkerfi barna væri líkt hljóðkerfi fullorðinna en að munurinn lægi í því að börn notuðu einfaldara kerfi. Rannsóknir Kempe og Brooks (2013) hafa sýnt fram á að tungumálið hefur mikil áhrif á vitsmunaproska barna sem og minni þeirra. Kempe og Brooks (2013) benda einnig á að börnin læra tungumálið með mismiklum hraða og er talið að börn læri tungumálið hægt fyrsta árið (*e. slow mapping*) en orðaforðinn aukist hratt eftir það (*e. fast mapping*). Í Hrafnhildur Ragnarsdóttir (1992; 2004) skoðaði meðal annars frásagnahæfileika barna á leikskólaaldri. Þar sýndi sig að börn eiga auðveldara með að tjá sig þegar þau eru beðin

um að segja frá einhverju í þeirra eigin lífi; frá þeirra upplifunum. Erfiðlegar gekk fyrir þau að skálda upp sögur. Rannsóknin sýndi einnig fram á að mesti munurinn var á milli þriggja ára aldurs og fimm ára aldurs en það er einmitt sá aldur sem unnið er með í leikskóla. Það segir okkur að faglegt íslenskt málumhverfi í leikskólum skiptir sköpum fyrir málþroska barna og nám þeirra.

Sköpun

Sköpun er nauðsynlegur þáttur í allri menntun og er mikilvægur þáttur í öllu námi og starfi, ekki einungis í listmenntun (Aðalnámskrá leikskóla, 2024). Sköpun er ferli sem byggist á ímyndunaraflinu og niðurstaðan er í senn frumleg og hefur gildi. Sköpun tengir saman ímyndunarafl, frumleika, gildi, forvitni, áhuga, athygli, leikni, þekkingu, samhengi, tilfinningar og innsæi (Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Torfi Hjartarson, 2012). Tengsl sköpunar við læsi er því margslungin og byggir meðal annars á tengingu sköpunar við tungumálið en einnig tengsl sköpunar við okkar eigin reynslu og hvernig við túlkum hana. Margskonar sköpun getur þannig verið uppspretta læsis.

Hugmyndir til sköpunar eru óendanlega margar og leiðir til sköpunar sömuleiðis. Til að leikskólinn geti stuðlað að læsi í gegnum sköpun er mikilvægt að bjóða upp á fjölbreyttar leiðir til sköpunar hvort sem það sé formleg sköpun (t.d. með því að mála og segja sögur) eða óformleg sköpun (t.d. tækifæri og rými fyrir skapandi leik og tjáningu í daglegu starfi). Mikilvægt er að börnum séu gefin tækifæri til sköpunar á eigin forsendum en ekki einungis á forsendum kennara og starfsfólks. Gott er að notast við ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og gefa börnum hugmyndir um framsetningu. Sem dæmi má nefna notkun tölva, spjaldtölva, myndvarpa, skjávarpa, ljós og skugga, loðtaflna, notkun sögupoka og söguteninga (Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Torfi Hjartarson, 2012). Eins og áður sagði skiptir hlutverk kennara miklu þegar kemur að samskiptum við börnin út frá sköpun þeirra. Kennarinn baðar barnið í orðum og lýsir því sem það er að gera og spyr opinna spurninga.

Lýðræði

Meginmarkmið menntastefnunnar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika

mannlífsins. Án læsis á hvers konar táknerfi og samskiptakerfi samfélagsins getur ekki orðið virkt lýðræði. Þá þrífst virkt lýðræði aðeins ef jafnframt er stuðlað að hvers konar jafnrétti milli einstaklinga og hópa í samfélaginu (Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Torfi Hjartarson, 2012).

Ýmsar leiðir má nýta til að stuðla að lýðræðislegri þátttöku barna í starfi leikskólans. Þar er fyrst og fremst mikilvægt að börn eigi hlutdeild í starfi leikskólans og fái rými og tækifæri til að koma sínum hugmyndum á framfæri. Með samræðum þar sem börnin taka virkan þátt, hafa áhrif á umræðuefni þar sem málin eru rædd til hlítar er einnig hægt að hvetja til og stuðla að lýðræðislegri þátttöku barna. Þá er mikilvægt að starfsfólk virði þau viðfangsefni sem börnin hafa áhuga á að tala um bæði alvarleg málefni og grín. Best er að notast við opnar spurningar þar sem börnin eru hvött til að svara í lengri setningum í stað þess að notast einungis við spurningar sem fela í sér já og nei svörun. Hér er líka hægt að notast við framsögn þar sem börnin þjálfast í tjá sig fyrir framan aðra, t.d. til að segja frá sínum skoðunum, hugmyndum eða þeirra upplifunum. Börnin þurfa að læra að bera virðingu fyrir skoðunum og tilfinningum annarra og eins sínum eigin. Þá þarf kennarinn líka að bera virðingu fyrir skoðunum barnanna og þeirra tilfinningum. Unnið er að því að börn hafi sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og nái árangri sem er undirstaða þess að þau séu virkir þátttakendur í leikskólasamfélaginu.

Börn læra í gegn um leik og með samskiptum læra þau læsi í víðum skilningi. Ef lýðræði er haft í forgrunni í starfsháttum leikskólans og innan deilda smitast það út í leik barnanna og markmiðið er að þau taki það með sér út í okkar lýðræðislega samfélag þegar þau eldast. Vegna þessa er mikilvægt að við setjum orð á athafnir sem tengjast lýðræði og beitum þeim orðum í réttu samhengi. Þannig læra börn að skilja samfélagið eins og það er og hefur þróast og jafnframt verða þau fær um að taka þátt í að móta samfélagið og öðlast sýn til framtíðar og hugsjónir til að beita sér fyrir – hvort sem það er innan þeirra skólasamfélags eða í stærra samhengi.

Menningarläsi

Í Aðalnámskrá leikskóla (2024) segir að börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra í samfélaginu. Þau hafa m.a. þörf fyrir að spyrja spurninga, skiptast á skoðunum og ræða hugmyndir sínar, tilfinningar og líðan. Börn nota ýmsar leiðir til að tjá

sig og eiga samskipti við aðra. Auk tungumálsins nota þau ýmiss konar hljóð, snertingu, látbragð og leikræna tjáningu, tónlist, myndmál og dans. Í gefandi samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmynd styrkist. Læsi er undirstaða samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt.

Í leikskóla ber að skapa aðstæður svo börn fái ríkuleg tækifæri til að eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum, þróa læsi í víðum skilningi og velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu og menningu annarra þjóða (Stjórnarráð Íslands, 2021). Þá skal hafa í forgrunni alls leikskólastarfs að vinna eftir Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (1989). En þar segir að öll börn eru jöfn án tillits til hver þau eru, hvar þau búa, hvaða tungumál þau tala, á hvað þau trúu, hvernig þau hugsa og líta út, af hvaða kyni þau eru, hvort þau eru fötluð, rík eða fátæk og án tillits til þess hvað fjölskylda þeirra gerir eða trúir á. Aldrei skal koma fram við barn af óréttlæti.

Samfélagið okkar byggir á því að öll börn hafi rétt á að vera eins og þau eru og leikskólinn er því kjörinn staður til að kynnast menningu hvers og eins barns og ekki gera þær kröfur að börnin gangi inn í íslenska menningu án þess að fá rými fyrir sína eigin (Aðalnámsskrá leikskóla, 2024). Starfsfólk leikskóla ber meðal annars ábyrgð á því að börn fái réttindi sín uppfyllt og að þau séu meðvituð um réttindi sín. Ef barn þekkir ekki réttindi sín veit það ekki hvort það sé verið að brjóta á því eða ekki. Hvert barn á einnig rétt á sínum skoðunum og tilfinningum og eins á það rétt á að trúu á það sem það vill (UNICEF á Íslandi, 2021). Þá þarf að gefa börnum tækifæri til að þróa tungumál í leik með öðrum börnum með orðaleikjum, söngleikjum, vísum og þulum, syngja á mörgum tungumálum, hlusta á tónlist frá ólíkum löndum og skoða stafrófið á mismunandi tungumálum. Einnig er hægt að bjóða börnum á ýmsa menningar viðburði til að auðga menningarläsi.

Það er á ábyrgð leikskólans vera inngildandi samfélag. Í því felst að bera virðingu fyrir mismunandi menningu og vera meðvitaður um að íslenskt samfélag er fjölmenningsamfélag og leikskólinn endurspeglar það. Leikskólinn býður upp á fjölmenningsleggt efni sem tryggir að börnin kynnist fjölbreyttri menningu. Börn þurfa að fá tækifæri til að velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu sem og menningu og samfélagi annarra. Skapa þarf börnum aðstæður þar sem þau geta ígrundað í næði hvort sem er ein eða með öðrum börnum, t.d. með bókahorni. Einnig er hægt að notast við

Vináttu verkefni Barnaheilla, Lubbastundir og almennar samverur með umræðum um heimili, ólíkar fjölskyldusamsetningar og ólíkan uppruna.

Félagsfærni

Í leikskóla er lagt upp með að börn eigi jákvæð og uppbyggileg samskipti og læri að taka tillit til annarra. Börn þjálfast í að hlusta á hvort annað, efla trú á eigin getu, lesa í tilfinningar sínar og annarra, eða svokallað tilfinningalæsi. Samræður um tilfinningar, líðan og upplifun barna styður við tilfinningalæsi og þurfa samtöl að vera gagnvirk til að fá sameiginlegan skilning. Börn á leikskólaaldri hafa mikla þörf fyrir félagsleg samskipti, þau samskipti byggjast fyrst og fremst á tungumálanotkun. En þau nýta einnig annan samskiptamáta sem felst fyrst og fremst í látbragði, hljóðum og snertingu.

Í leikskólanum eru fjölbreytt tækifæri til þess að efla félagsfærni barnanna. Leikurinn er náms- og þroskaleið barna. Í leiknum spegla þau raunveruleika sinn, prófa sig áfram í ýmsum hlutverkum, efla vald sitt og umfram allt æfa sig í félagsfærni. Læsi er hér lykilatriði sem eykur hæfileika barna til að lesa í umhverfi sitt og þannig þróa leikinn áfram og efla samskiptin (Wood, 2013). Leikurinn er þeirra meginnámsleið þar sem hugmyndir barnanna fá að njóta sín og félagsleg tengsl þróast í gegnum ferlið. Í leiknum öðlast börnin aukinn skilning á umhverfi sínu og læra betur inn á það í samskiptum við aðra. Börnin öðlast færni í að sjá og skilja umhverfið út frá sjónarmiði hvors annars og þróa með sér eigin menningu og nýta sér lýðræðislegar athafnir í öllu leikferlinu. Þau leysa vandamál sín á milli sem skapar þeim tækifæri á að efla skapandi og vitræna þætti. Börnin ná þar með að læra á tilfinningar annarra og auka við sig þekkingu og reynslu sem og að geta nýtt tungumálið á fjölbreyttan hátt (Aðalnámskrá leikskóla, 2024).

Söngur og rím

Með því að nýta söng, þulur, ljóð og rím geta börnin náð að efla orðaforða og styrkja hljóðkerfisvitund sína sem gefur þeim sjálfstraust til að eiga samskipti við önnur börn. Tónlistin á líka stóran þátt í tjáningarmáti barna og fylgir dansinn þar að sem gerir þeim kleift að efla ímyndunaraflíð og eiga samskipti í gegnum leikræna tjáningu (Aðalnámskrá leikskóla, 2024).

Góð hljóðkerfisvitund er einnig nauðsynleg fyrir talað og ritað mál. Í því felst að þau læri atkvæði orða, kynnist tungumálinu og möguleikum þess. Það hjálpar einnig til við framburð og eykur athygli og styrkir minni. Í gegnum söng og rím heyra og læra börn fjölbreytt og flóknara mál. Í samverustundum eru börnin sem dæmi hvött til að hlusta, tjá sig og endurtaka í gegnum söng og rím. Söngur og rím getur tekið mið af áhugasviði barnanna sem eykur virkni þeirra og gleði. Brúður, leikefni og myndir eru einnig hægt að nýta til að efla tjáningu og málskilning. Þá efla söngur, þulur og ljóð hljómfall orða og styðja við skilning.

Læsi í stafrænum heimi

Nútíma samskipti og tjáningar hafa breyst mikið á síðastliðnum árum og því er það partur af mikilvægu markmiði okkar allra að efla og kynna læsi á fjölbreyttan hátt og stuðla þannig að þjálfun í að lesa hinn stafræna heim. Hér er ekki einungis átt við færni við að umskrá og skrifa. Tölvur og stafræn samskiptatækni eru orðin sjálfsögð verkfæri í daglegu lífi fólks og því fylgir að læra á nýja tækni en einnig að æfa sig að lesa í nýtt stafrænt umhverfi. Þannig er hægt að ná tökum á ýmsum táknerfum og miðlum; rýna í lýðræði og samskipti í stafrænum heimi og nota tæknina til auðgunar í námi og starfi. Tæknin er gjöf en henni fylgir líka það gjald að það þarf að læra að fara með hana og gera það vel. Tæknin býður upp nýjan efnivið og aðferðir sem þýðir að nýta þarf læsi til að kynna efniviðinn, meta og læra inn á hann.

Reykjavíkurborg hefur umsjón með þeim smáforritum sem skóla- og frístundasvið borgarinnar hefur tækifæri til að nýta sér í skólastarfi. Smáforritin sem leyfð eru voru öll valin með það að markmiði að auðga nám barna og halda utan um hinn stafræna heim sem er í að þróast sem partur af nútíma skólastarfi.

Ritmál og lestur bóka

Mikilvægt er að lesið sé daglega fyrir börn frá fyrstu tíð. Grunnur að lestrargetu barna er lagður strax á fyrstu æviárunum og góður orðaforði og málskilningur er mikilvæg undirstaða fyrir góðan lesskilning síðar meir. Gott er að útskýra og ræða við börnin um bókina, sögupersónur og myndir (Stefán Jökulsson, 2012).

Mikilvægt er að velja bækur sem endurspeglar fjölmenningslegt íslenskt samfélag og sem taka tillit til áhugasviðs, þroska og aldurs barna. Til að dýpka skilning barnanna enn frekar er gott að útskýra orð og ræða við börnin um bókina, sögupersónur og myndir. Spyrja spurninga út frá efni og myndum. Gott er að virkja ímyndunarafl barnanna með því að spyrja þau hvað gæti gerst næst og efla forvitni þeirra og fróðleiksfýsi. Þá er einnig mikilvægt að fara reglulega á bókasafn og hafa bækur sýnilegar í leikskólanum. Notast er við myndrænt skipulag þar sem ritmálið er sýnilegt í bæði orðum og myndum.

Í leikskólanum er ritmál haft sýnilegt í umhverfi barna. Börn byrja ung að tileinka sér ritmál í umhverfi sínu og gerist það á löngum tíma í gegnum leik og starf í eðlilegu samhengi í daglegu lífi heima og í leikskóla. Hvetjandi og markvisst ritmáls-umhverfi þar sem ritmálið er sýnilegt ljáir orðum merkingu og smátt og smátt læra börnin að skilja og átta sig á hvaða tilgangi bók, stafir og orð gegna. Virk hlustun er grundvallaratriði í öllu námi og samskiptum. Auðga þarf leik barna með læsis-hvetjandi efnivið og þátttöku fullorðinna í leiknum. Rím, þulur og vísur ásamt söng hjálpar til með orðskilning og hrynjandi í læsi.

Mikilvægt er að börn hafi tækifæri til að leika með ritað mál, tölur, myndir og tákni á fjölbreyttan hátt. Fjölbreyttur efniviður hvetur til enn frekari rannsókna barna á ritmálinu. Hægt er að notast við margs konar ólíkar skráningar til að vekja áhuga barnanna á hvernig er hægt að nota ritmálið til að koma skoðunum þeirra og upplifunum á framfæri.

Hægt er að þróa læsi í víðum skilningi með lestri bóka og skapandi umræðna um þær. Einnig er gott að hlusta á sögur, semja sögur á staðnum og fá börnin til að semja sögur eða segja brandara. Að læra ljóð og þulur og hlusta á ævintýri eflir málþroska og þar með læsi. Einnig geta kennarar stuðst við vefinn Leikur að bókum til að fá hugmyndir að því hvernig er hægt að vinna með barnabækur. Endurtekningin er hér lykilatriði; að segja orð aftur og lesa sömu bækurnar oft og reglulega. Kennarar og foreldrar eru málfyrirmyndir í öllum aðstæðum og okkur ber að hlusta á börnin og endurtaka með réttum hætti þegar þarf. Þá er mikilvægt að setja orð á allar athafnir og skoða myndirnar saman í bókunum. Lestur er ekki aðeins að lesa texta bóka heldur rýna í myndir og eiga í samtali við börnin. Mælt er með að vera í þeirra augnhæð á meðan átt er í þessum samskiptum og fá þau með í spjallið.

Tengsl læsis og hljóðvistar

Góð hljóðvist í umhverfi barna er mikilvægur þáttur í vellíðan, málþroska og námsframvindu þeirra. Umhverfisstofnun (2012) gaf út leiðbeiningar um hljóðvist í umhverfi barna þar sem bent er á að huga þurfi að sérstakri hljóðhönnun í kennsluumhverfi samkvæmt staðli IST 45:2011 (Umhverfisstofnun, 2012).

Þættir sem geta haft áhrif á hljóðvist innanhúss eru fyrst og fremst frá börnunum sjálfum og starfsfólki, hávært tal, hávaði í hljómflytningstækjum, hávaði í leikföngum og tilfærsla á húsgögnum (Umhverfisstofnun, 2012). Rannsóknir sýna að truflandi umhverfishljóð eins og óþarfa bakgrunnstónlist geti seinkað málþroska um allt að eitt ár. Af þessum ástæðum er góð hljóðvist mikilvægur þáttur í læsisstefnu og allri málörvun (International Noice Awareness Day, e.d.).

Í leiðbeiningunum frá Umhverfisstofnun er bent á skipulagsleg úrræði fyrir leikskóla til að minnka eða koma í veg fyrir hávaða. Þar má nefna að slökkva eða lækka í tónlist, setja þykkar mottur á gólf, draga úr glymjanda og fjarlægja leikföng sem valda hávaða. Eins eru þar úrræði sem snúa að því að fara með börnin út í náttúruna (Umhverfisstofnun, 2012). Hugsa þarf að hljóðvist sé fullnægjandi í skólastofum og draga þannig úr endurómum með því að huga að borðum, stólum og öðru í umhverfi barnanna sem getur valdið hávaða. Þar sem fjarlægð og umhverfishljóð geta haft veruleg áhrif á það hvernig nemendur heyra í kennaranum er gott að hafa í huga hvernig rými skólanna eru upp sett (Heyrnar- og talmeinastöð, e.d.) Kennslufræðileg úrræði eru m.a. að minnka hávaða frá fullorðnum sem eiga að vera fyrirmyndir barna, fræðsla fyrir starfsfólk um hvernig er hægt að minnka hávaða og fræðsla um atferlismótun barna í hljóðlátara umhverfi (Umhverfisstofnun, 2012).

Skimanir

Hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar byggir á því að brugðist sé við um leið og rökstuddur grunur vaknar um málþroskafrávik hjá börnum. Með skimunum og skráningum er hægt að bregðast við frávikum í málþroska barna eins fljótt og hægt er, þannig er komið til móts við ólíkar þarfir barna og auka líkur á betri námsárangri og betri líðan seinna meir. Skimanir á málþroska eru meðal annars: HLJÓM-2, EFI-2, TRAS og

Orðaskil - LANIS. Hér er einnig notast við hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn en þar er málþroski fjöltyngdra barna kortlagður út frá eftirtöldum hæfnissviðum: hlustunarskilningur, læsi, hljóðkerfisvitund og tjáningarfærni er.

4.1 EFI - 2

EFI-2 er í íslensk málþroskaskimun fyrir börn á fjórða ári sem þrír íslenskir talmeinafræðingar bjuggu til árið 1999 og uppfærðu og endurútgáfu 2012. Tilgangurinn með slíkri skimun er að finna þau börn sem eru með hugsanleg frávík í málþroska þannig að hægt sé að grípa snemma inn í með skjóta og markvissa aðstoð. Foreldrar fá betri hugmynd um það hvernig barnið þeirra stendur sig miðað við jafnaldra og geta þannig styrkt málþroska barnsins í samstarfi við leikskólann. Skimunin tekur um 10-15 mínútur. Kennari og barn skoða saman myndabók og barnið svarar spurningum tengdum myndunum og daglegu lífi sínu. Sérstakri athygli er beint að málskilningi, máltjáningu og framburði. Einnig er fylgst með hiki og endurtekningum og frávikum í raddbeitingu. Í málskilningsþætti (svör með bendingum) er til dæmis kannaður skilningur á stærðar- og fjöldahugtökum, litaheitum, óyrtum orðaforða og yfirhugtökum. Einnig er skilningur á neitunarsetningum og setningum sem tengjast tímaröð kannaður sem og áhrif vinnsluminnis. Með máltjáningarþætti (munnleg svör) er til dæmis kannaður almennur virkur orðaforði, rétt notkun talna og litaheita, setninga- og beygingarmyndun (nt., þt., et., ft.), rökvísi og samhengi í tjáskiptum. Allir þættir EFI-2 reyna jafnframt á einbeitingu og félagslega færni og geta þessir þættir haft áhrif á niðurstöður. Séu börn með frávík frá dæmigerðum málþroska þýðir það ekki að þau séu jafnframt með frávík í hreyfiþroska, félagsþroska og vitsmunaproska. Því þarf að meta málþroska sérstaklega (Elmar Þórðarson, Friðrik Rúnar Guðmundsson og Ingibjörg Símonardóttir, 2012). EFI-2 er búin til úr niðurstöðum sem einungis börn með íslensku að móðurmáli tóku þátt í. Skimunin gefur því ekki alveg rétta mynd af málþroska fjöltyngdra barna en gefur, ásamt öðrum prófunum/skimunum, ákveðnar vísbendingar um stöðu barnanna.

4.2 TRAS

TRAS er skráningarlisti sem notaður er til að fylgjast með málþroska tveggja til fimm ára barna og grundvallast skráningin á markvissum athugunum í daglegum samskiptum við barnið. Byrjað er að skrá í listann þegar barn er um það bil 2,2 – 2, 4 ára og eftir það á sex mánaða fresti. Skráningu lýkur þegar barn nær fimm ára aldri. Alltaf er byrjað á að merkja

við fyrir yngsta aldurstigið, þó svo að barn sé orðið eldra. Það er gert til þess að ganga úr skugga um að barnið hafi náð öllum fyrri þroskaþáttum. Hvert barn á sitt skráningarblað sem fylgir því í gegnum leikskólagönguna og leikskólakennarar, sem setið hafa námskeið um TRAS, sjá um skráninguna. Fylgst er með barninu í leikskólastarfinu og því er ekki um eiginlega fyrirlögn að ræða. Spurningarnar í TRAS flokkast undir þrjú færnisvið og á hvert svið sinn lit á skráningarblaðinu. Færnisviðin eru eftirfarandi:

1. Samleikur/félagsfærni, tjáskipti/samskipti og athygli/einbeiting er blái hlutinn.
2. Málskilningur og málvitund er rauði hlutinn.
3. Framburður, orðaforði og setningamyndun er græni hlutinn.

Ef barn hefur náð þeirri færni sem ætlast er til miðað við aldur er fyllt í reitinn með viðeigandi lit. Ef barnið er byrjað að sýna færni er merkt við með skálínum. En ef barnið hefur alls ekki náð færninni miðað við aldur er ekkert merkt í reitinn, en strikað er í kringum hann þannig að það sjáist að búið sé að kanna stöðuna (Björk Alfreðsdóttir, Hólmfríður Árnadóttir, Hrafnhildur Karlsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Margrét Tryggvadóttir, 2013).

4.3 HLJÓM-2

HLJÓM – 2 er aldursbundin skimun til að athuga hljóð- og málvitund elsta árgangs leikskólabarna (Menntamálastofnun, 2024). Þegar það er lagt fyrir þurfa börnin að vera orðin 4 ára, 9 mánaða og 16 daga og ekki eldri en 6 ára, 1 mánaðar og 15 daga. Niðurstöður eru reiknaðar út frá nákvæmum aldri barnsins og gefa til kynna góða færni, meðalfærni, slaka færni eða mjög slaka færni. Aðaltilgangur HLJÓM-2 er að finna sem fyrst þau börn sem eru með frávik í málproska svo hægt sé að grípa inn í með snemmtækri íhlutun og draga þannig úr hættu á lestrarerfiðleikum síðar meir. Með þjálfun hljóðkerfisvitundar er byggður góður grunnur fyrir lestrarnám og almennt námsgengi og því er mikilvægt að fylgjast vel með framvindu hvers barns (Amalía Björnsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir, 2002).

Ef barn mælist með slaka eða mjög slaka færni þarf að skoða nánar hvað liggur að baki og hvernig staðan er á eigin tungumáli þess ef það er annað en íslenska. Þau börn sem mælast með slaka eða mjög slaka færni þurfa aukþjálfun í hljóðkerfisvitund ýmist eitt og eitt eða í hópi. Dagleg þjálfun, bæði heima og í leikskóla, hjálpar börnum að ná tókum á

Þessum þáttum. Alltaf þarf að ganga úr skugga um að barn með slaka hljóðkerfisvitund úr Hljómi 2 hafi eðlilega heyrn. Niðurstöður matsins er kynnt foreldrum og foreldrar þeirra barna sem mælist með slaka eða mjög slaka færni er farið yfir næstu skref og hvað sé hægt að gera til að vinna með málþroska heima og hvað gert er í leikskólanum.

Heima er hægt að gera fullt af skemmtilegum æfingum og leikjum til að örva hljóðkerfisvitund barna enn frekar t.d. Lesa bækur, fara í orðaleiki eins og t.d. rímleiki, klappa nöfn á hlutum í umhverfinu, setja saman orð og taka þau í sundur.

4.3 Orðaskil

Orðaskil er málþroskapróf fyrir börn frá 18 mánaða til 3 ára sem skiptist í orðaforðagátlista og setningargerð. Prófinu er ætlað að mæla orðaforða barna og hvort þau hafa náð valdi á beygingarkerfi og setningargerð málsins. Foreldrar fylla út listann og merkja við þau orð sem þau hafa heyrt börnin sín nota. Í fyrri hluta prófsins, sem er orðaforðagátlisti og inniheldur 705 orð sem raðað er upp í 22 efnisflokka, merkja foreldrar við þau orð sem barnið segir. Ekki er gerð krafa um að barnið beri orðin rétt fram. Í seinni hluta prófsins, setningargerð, velja foreldrar aðra af tveimur setningum í hverjum lið, sem er líkari þeirri setningu sem barnið segir. Aldursviðmið fylgja svo hægt er með samanburði við þau að skoða hvort málþroski barna telst falla innan eðlilegra marka miðað við jafnaldra (Elín Þöll Þórðardóttir, 1998).

4.4 LANIS

LANIS er nýjasta tæki í framburðar- og málþroskafrávikum hjá börnum á fjórða aldursári. LANIS skimunartækið er ætlað bæði foreldrum og leikskólakennurum barnsins sem meta barnið út frá listum sem fylgja. LANIS er enn í þróun og því einhverra breytinga að vænta (Menntavísindastofnun, 2024).

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2024.

Amalía Björnsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2002). *Hljóm-2 athugun á hljóð-og málvitund leikskólabarna*.

Baldur Sigurðsson. (e.d.). *Lesvefurinn, Hvað er læsi*. <https://lesvefurinn.hi.is/node/132>

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna 1989.

Brooks, P. J. og Kempe, V. (2012). *Language Development*. BPS Blackwell Textbooks.

Björk Alfreðsdóttir, Hólmfríður Árnadóttir, Hrafnhildur Karlsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Margrét Tryggvadóttir. (2013). *TRAS Skráning á málþroska ungra barna*. Reykjavík: Námsmatstofnun.

Elín Þöll Þórðardóttir. (1998). *Orðaskil málþroskapróf*. Framsaga Reykjavík.

Elmar Þórðarson, Friðrik Rúnar Guðmundsson, Ingibjörg Símonardóttir. (2012). *EFL-2 Málþroskaskimun fyrir börn á fjórða ári*. Talþjálfun og ráðgjöf.

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands (e.d.) *Heyrnaskertir nemendur og skólinn!*
<https://hti.is/index.php/is/heyrrn/heyrrnaskerding/skolinn>

Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (1992). Episodic structure and interclausal connectives in Icelandic children's narratives. Í R. Söderbergh (ritstj.), *Berättelser för och av barn: Colloquium Paedolinguisticum Lundenis 1991*, 8, 33-45.

Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2004). Málþroski barna við upphaf skólagöngu: Sögubýgging og samloðun í frásögnum 165 fimm ára barna – almenn einkenni og einstaklingsmunur. *Uppeldi og menntun*, 13(2), 9–130.

Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Torfi Hjartarson. (2012). Sköpun: Grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum. Í Berglind Rós Magnúsdóttir, Hafsteinn Karlsson og Torfi Hjartarson (ritnefnd), *Ritröð um grunnþætti menntunar*. Reykjavík og Kópavogur: Mennta- og menningamálaráðunetið og Námsgagnastofnun.

International Noise Awareness Day. (e.d.). Classroom Acoustics.
<https://noiseawareness.org/info-center/classroom-acoustics/>

Íslensk málnefnd. (2021). *Íslensk málstefna 2021-2030*. https://mml.reykjavik.is/wp-content/uploads/2022/01/Íslensk_malstefna_sept_2021.pdf

Jakobson, R. (1980). *Child language aphasia and phonological universals* (3. útgáfa). Mouton.

- Læsisvefurinn. (e.d.). *Forsendur læsis*. <https://laesisvefurinn.is/forsendur-laesis/>
- Menntamálastofnun. (2024). *Hljóm-2*.
- Menntavísindastofnun. (2024). *LANIS skimunarlisti* [rannsóknarverkefni].
<https://mvsrannsoknir.hi.is/rannsokn/lanis-skimunarlisti/>
- Owens, R. (2015). *Language Development: An introduction*. Pierson.
- Reykjavíkurborg. (2017). *Málstefna Reykjavíkurborgar*.
https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/malstefna_reykjavikurborgar_-_19._mai.pdf
- Reykjavíkurborg. (e.d.). *Látum draumana rætast: Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030*. https://menntastefna.is/wp-content/uploads/2019/08/menntastefna_rvk_20x20-lores22.02.pdf
- Sara Margrét Ólafsdóttir og Svava Björg Mörk. (2024). *Handbók um leik barna í leikskólum*. Menntamálastofnun.
https://vefir.mms.is/flettibaekur/handbok_um_leikinn/2/#zoom=true
- Stefán Jökulsson. (2012). *Læsi: Grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum*. Í Berglind Rós Magnúsdóttir, Hafsteinn Karlsson og Torfi Hjartarson (ritnefnd), *Ritröð um grunnþætti menntunar*. Reykjavík og Kópavogur: Mennta- og menningamálaráðunetið og Námsgagnastofnun.
- Stjórnarráð Íslands. (2021). *Menntastefna 2030*. https://www.stjornarradid.is/library/01-Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Menntastefna_2030_fyrsta%20adgerdar%c3%a1%c3%a6tlun.pdf
- Þóra Másdóttir. (2019). *Hljóðþróun íslenskra barna á aldrinum tveggja til átta ára*. *Netla - Veftímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
<http://netla.hi.is/greinar/2019/ryn/11>
- Umhverfisstofnun (2012). *Hljóðvist í umhverfi barna*. Hljóðvistarkrofur-i-umhverfi-barna.pdf
- UNICEF á Íslandi. (2021). *Barnasáttmálinn í leikskólanum: Fræðsla og verkefni fyrir starfsfólk leikskóla*. (Hjördís Eva Þórðardóttir þýddi og aðlagði). UNICEF á Íslandi.
- Wood, E. (2013). *Play, learning and the early childhood curriculum*. Sage.